

Lorrablót Eflingar



Söngtextar

1. Vel er mætt

Vel er mætt til vinafundar.

Vel sé þeim sem sjá og skilja

hvað vor eining mikils má,

hvað vor eining mikils má.

Sjáið upptök sællar stundar.

Sjáið margra kraft og vilja

steypast fram sem straum í á,

steypast fram sem straum í á.

Eitt er markið, ein er leiðin.

ekkert skilur þeirra vegi

er því sama ætla' að ná,

er því sama ætla' að ná.

Þótt oss skildi hábrýnd heiðin

heyrðum vér á hverjum degi

hver í öðrum hjartað slá,

hver í öðrum hjartað slá.

2. Vísur Íslendinga

Hvað er svo glatt sem góðra vina fundur

er gleðin skín á vonarhýrri brá?

Eins og á vori laufi skryðist lundur

lifnar og glæðist hugarkætin þá,

og meðan þrúgna gullnu tárin glóa

og guðaveigar lífga sálaryl

þá er það víst, að bestu blómin gróa

í brjóstum sem að geta fundið til.

3. Ég vitja þín æska

Ég vitja þín æska um veglausan mar
eins og vinar af horfinni strönd
og ég man það var vor þegar mættumst við þar
þá var morgunn um himinn og lönd.
Þar var söngfuglamergð, öll á flugi og ferð
en þó flaug enginn glaðar sinn veg
og um heiðloftin blá vatt sér væng sínum á
og sér vaggaði léttar en ég.

4. Játning

Enn birtist mér í draumi sem dýrlegt ævintýr, hver
dagur, sem ég lifði í návist þinni.

Svo morgunbjört og fögur í mínum huga býr
hver minning um vor sumarstuttu kynni.

Og ástarljóð til þín verður ævikveðja mín,
er innan stundar lýkur göngu minni
þá birtist mér í draumi sem dýrlegt ævintýr,
hver dagur, sem ég lifði í návist þinni.

5. Laugamannasöngur

Þegar himininn blakknar mín hrapstjarna skín

þá fer hugurinn aftur að leita til þín.

Nú er fjarri og gleymd okkar stefnumótsstund

enginn staður á jörðu sem man okkar fund.

Manstu vetrarins spá, hvers þú spurðir mig þá

þegar spor lágu í snjónum við Reykjadalásá.

Nú er veturinn liðinn og löngun mig ber

heim að Laugum á slóðir sem gekk ég með þér.

6. Vér göngum svo léttir í lundu

Vér göngum svo léttir í lundu,

því lífsgleðin blasir oss við.

Við lifum á líðandi stundu,

við lokkandi söngvanna klið.

Tra-ra-la-la- - - -

Vér göngum og syngum hér saman,

því söngurinn hann er vort mál,

og nú verður glaumur og

gaman,

nú gleðjist hver einasta sál.

Tra-ra-la-la- - - -

7. Dalakofinn

Vertu hjá mér, Dísa, meðan kvöldsins klukkur hringja
og kaldir stormar næða um skóg og eyðisand;
þá skal ég okkur bæði yfir djúpið dökka syngja
heim í dalinn, þar sem ég ætla að byggja og nema land.

Kysstu mig ... kysstu mig. Þú þekkir dalinn, Dísa,
þar sem dvergar búa í steinum, og vofur læðast hljótt
og hörpusláttur berst yfir hjarn og bláa ísa,
og huldufólkið dansar um störnubjarta nótt.

Og meðan blómin anga og sorgir okkar sofa,
er sælt að vera fátækur, elsku Dísa mín,
og byggja sér í lyngholti lítinn dalakofa
við lindina, sem minnir á bláu augun þín.

Ég elska þig; ég elska þig og dalinn, Dísa,
og dalurinn og fjöllin og blómin elska þig.
Í norðri brenna stjörnur, sem veginn okkar vísa,
og vorið kemur bráðum... Dísa kysstu mig.

8. Ljúfa Anna

Ljúfa Anna, láttu mig vissu fá.
Þú ein getur læknað mín hjartasár.
Í kvöld er ég sigl' á sænum
í svala ljúfa blænum,
æ komdu þá svo blíð á brá
út í bátinn mér einum hjá.

9. Viltu með mér vaka

Viltu með mér vaka í nótt,
vaka á meðan húmið hljótt
leggst um lönd og sæ,
lifnar fjör í bæ,
viltu með mér vaka í nótt?
Vina mín kær,
vonglaða mær,
ætið ann ég þér, ást þína veittu mér
aðeins þessa einu nótt.